

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/752*  
*komudagur 9.12.2011*

Akranesi 09.12. 2011

Í skýrslu stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015 kemur fram að „tekna verði upp heilsuefandi heimsóknir um land allt sem nái í fyrsta áfanga til allra 75 ára og eldri. Verði þær fastur þáttur í heimaþjónustu og komi inn í endurskoðuð ákvæði um hana“.

Meðfylgjandi þingsályktun samræmist þessari stefnumótun.

Framundan er mikil endurskoðun og uppstokkun á þjónustu við eldri borgara. Sú vinna tengist þeim aðhaldsaðgerðum sem hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum er gert skylt að framkvæma. Sýnt er að umsóknum í heimaþjónustu mun fjölga þar sem fólk mun ekki lengur hafa jafn greiðan aðgang að þjónustu ríkisstofnana.

Því er þessari þingsályktun fagnað.

Ef tekið er mið af því vinnulagi sem notað er í Danmörku þá verður að efla heimaþjónustu sveitarfélaga verulega og einnig verður að auka vægi menntaðra starfsmanna sem hafa það hlutverk að aðstoða og þjálfa fólk til að takast á við daglegar athafnir.

Fram kemur í þingsályktuninni að Danir bjóði fólki upp á heimsóknir 2 sinnum á ári. Það er mjög jákvætt vegna þess að heilsa og aðstæður fólks geta breyst hratt og því auðveldara að grípa inn í þjónustuna með viðeigandi hætti með 6 mánaða millibili.

Ef þessi þingsályktun verður að lögum mun þjónusta við íbúa sem eru 75 ára og eldri stórbatna. Hægt verður að fylgjast betur með aðstæðum fólks og grípa inn í með viðeigandi ráðstöfun mun fyrr.

Virðingarfyllt,

F.h. Akraneskaupstaðar

Laufey Jónsdóttir

Verkefnastjóri félagslegrar heimaþjónustu

Alþingi - Nefndarsvið

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/748**  
**komudagur 9.12.2011**

140. löggjafarþing 2011 – 2012.  
Þingskjal 21 – 21. mál.

**Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar um tillögu til þingsályktunar um  
reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskygni.**

Félagsmálaráð Akureyrarbæjar styður framkomna þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra (velferðarráðherra) í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnarskygni sem þjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þyki svo að þeir geti búið sem lengst heima.

**Greinargerð**

Undanfarin ellefu ár, eða frá árinu 2000, hafa heilsueflandi heimsóknir verið fastur hluti af þjónustu við aldrað fólk á þjónustusvæði Heilsugæslustöðvarinna á Akureyri, þ.e. Akureyri, Eyjarfjarðarsveit, Grýtubakkahreppi, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppi. Þjónustan felst í því að þeim sem eru 75 ára og eldri, búa á eigin heimili og njóta ekki heimahjúkrunar eða mikillar dagþjónustu, býðst að fá heilbrigðisstarfsmann í heimsókn til sín a.m.k. einu sinni á ári eða oftár sé eftir því leitað. Tilgangur þjónustunnar er að hvetja og styrkja fólk til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst og stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er. Einnig að veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu, veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf á sem bestan mögulegan hátt miðað við aðstæður hvers og eins.

Fyrirmynd þjónustunnar er komin frá Norðurlöndum en með heimsóknunum er m.a. leitast við að veita öldruðum upplýsingar um þá þjónustu sem þeim stendur til boða hvað varðar t.d. heilsugæslu, heimaþjónustu, réttindi almannatrygginga, ýmsa félagslega þætti, tómstundaiðju o.fl. Þá er leitast við að greina áhættuþætti varðandi heilsufar og veita ráðleggingar um fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. um slysavarnir, beinvernd, mataræði og hreyfingu. Í heimsóknunum er lögð áhersla á ráðgjöf og stuðning og stuðla þannig að áframhaldandi frumkvæði og ábyrgð viðkomandi. Rannsóknir sýna að þjónusta sem þessi eykur sjálfstraust og stuðlar að bættri andlegri líðan.

Þjónustan er greidd af Heilsugæslustöð Akureyrar en framkvæmdin á höndum Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hún hefur gefist mjög vel og er orðin sjálfsögð og nauðsynlegur hluti af félags- og heilbrigðisþjónustu svæðisins við eldri borgara.

Virðingarfyllst,  
f/h félagsmálaráðs Akureyrarbæjar

Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Búsetudeildar,  
Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri

Þegar mest á reynir

Reykjavík 5. desember 2011

*Alþingi*

*Erindi nr. P 140/688*

*komudagur 7.12.2011*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsir yfir ánægju sinni og stuðningi við þingsályktunartillöguna þar sem hún er byggð á grundvelli forvarna og lýðheilsu og er í fullu samræmi við hugmyndafræði og stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum. Í stefnu félagsins er lögð áhersla á heilsuefningu, forvarnir, samfélagslega ábyrgð og sjálfsábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu og lífsstíl.

Fíh telur að skilgreina ætti heilsuefandi heimsóknir til eldri borgara sem hluta af grunnþjónustunni sem heilsugæslan hefði umsjón með. Þannig næðist fram hagræðing.

Fíh hvetur til þess að þessu verkefni verði komið fyrir innan Heimþjónustu Reykjavíkurborar og á heilsugæslustöðvum út um allt land í stað þess að búa til sérstakt kerfi til að sinna því. Á heilsugæslustöðvunum og í heimþjónustu Reykjavíkurborgar liggur fagleg þekking til að meta þarfir eldri borgara og þar er einnig stjórnskipulag og mannaflí til að bæði meta og sinna þörfum þeirra.


Fíh legur áherslu á að við fjármögnun þessa verkefnis verði ekki dregið úr fjárveitingum til annarrar þjónustu við aldraða.

Með kveðju.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, RN, MSc  
Sviðstjóri fagsviðs  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga



**HAFNARFJÖRÐUR**

Alþingi  
Erindi nr. P 140/629  
komudagur 5. 12. 2011

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 1. desember 2011  
1111269 RE


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni.

Eftirfarandi er umsögn frá Fjölskylduráði Hafnarfjarðar um ofangreinda þingsályktunartillögu, þingskjal 21 – 21. mál.

*Fjölskylduráð Hafnarfjarðarbæjar tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni, enda í meginatriðum í samræmi við yfirlýsta stefnu sveitarfélagsins í málaflokknum.*

*Árið 2006 skilaði samstarfsnefnd Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um heildræna öldrunarþjónustu af sér niðurstöðum sínum og tillögum. Á grunni þeirrar skýrslu og þeirrar vönduðu vinnu sem að baki henni lá, hafa bæjaryfirvöld í Hafnarfirði starfað og stefnt að því marki að efla og samhæfa þá þjónustuþætti sem dregið geta úr stofnanavistun aldraðra, styrkt þá betur til sjálfstæðis og sjálfræðis og bætt lífsgæði þeirra. Ein af niðurstöðum fyrrnefndar nefndar var sú, að til þess að svo gæti orðið þá þyrfti að leggja ríka áherslu á nærþjónustu, þannig að sem stærstur hluti þjónustu, hvort sem er félagsleg þjónusta eða heilbrigðisþjónusta, væri fánleg innan bæjarfélagsins. Þá var það jafnframt talin grunnforsenda fyrir árangri á þessu sviði að unnið yrði að samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og því lagt til að rekstur þeirrar þjónustu yrði undir einni stjórn, sem ein skipulagsleg heild.*

*Hluti fyrrgreindra tillagna hafa komið til framkvæmda nú þegar, m.a. nær allar þær tillögur sem snéru að sveitarfélaginu og framkvæmd þeirrar þjónustu sem er ábyrgð þess. Lokun St. Jósefsspítala og niðurskurður í rekstri hjúkrunarheimilisins Sólvangs, hafa hins vegar sett hlutina í alveg nýtt samhengi, enda var í fyrrgreindum tillögum gert ráð fyrir auknu hlutverki St. Jósefsspítala í þróun heildstæðrar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Í tillögum nefndarinnar var einnig gert ráð fyrir því að í tengslum við byggingu nýs hjúkrunarheimilis yrði sú aðstaða sem til staðar er á Sólvangi, með tengingu við starfsemi heilsugæslunnar í samtengdu húsnæði og nærleggjandi þjónustuíbúðum aldraðra, nýtt til uppbyggingar á miðstöð öldrunarþjónustu, s.s. á*



## HAFNARFJÖRÐUR

sviði dagvistunar, hvíldarinnlagna, endurhæfingar, sameiginlegri stjórnstöð heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og síðast en ekki síst upplýsinga- og ráðgjafajónustu fyrir aldraða. Að óbreyttu er gert ráð fyrir að þær fyrirætlanir séu enn í fullu gildi af hendi beggja aðila, þ.e. ríkis og Hafnarfjarðarbæjar.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ítrekað lýst yfir vilja sínum til að taka yfir málaflökk aldraðra, sem og rekstur þess hluta heilbrigðisþjónustunnar sem telst til nærþjónustu, m.a. rekstur heilsugæslu. Hafa bæjaryfirvöld litið svo á að það sé forsenda þess að hægt verði að tryggja heildræna öldrunarþjónustu á svæðinu að fagleg stjórn stærstu og mikilvægustu þjónustubáttanna sé á einni hendi. Í kjölfar nýlegra ákvarðana stjórnvalda um stófelldan niðurskurð í rekstri þeirra stofnana sem gegnt hafa mikilvægu hlutverki í þjónustu við aldraða bæjarbúa hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar ítrekað fyrri samþykktir sínar hvað það snertir.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 140/746  
komudagur 9.12.2011

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Reykjavík, 8. desember 2011.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Ósk um umsögn félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands þingskjal 21 um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.**


Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa sveitarfélög í Danmörku lagalega skyldu til að bjóða upp á heimsóknir til eldri borgara með það að markmiði að stuðla að því að eldra fólk geti búið á heimilum sínum sem lengst. Á Akureyri og í fleiri sveitarfélögum hér á landi er þegar komin nokkur reynsla af slíkum heimsóknum. Þó svo að erlendum rannsóknum beri ekki öllum saman um árangur og ágæti reglubundinna heimsókna til aldraðra benda aðrar rannsóknir til þess að þær dragi úr einangrun og nýtist helst veikburða eldra fólk. Í slíkum tilvikum hljóta þær að vera af hinu góða og þjóna tilgangi sínum.

Tilgangur reglubundinna heimsókna ætti einnig að vera sá að upplýsa eldri borgara um þá þjónustu sem í boði er og hvert á að leita til að fá hana. Slíkt eftirlit og upplýsingamiðlun gæti því aukið öryggi aldraða en einnig verið stuðningur við aðstandendur þeirra.

Virðingarfyllt,

f.h. félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands,

  
Sigurveig H. Sigurðardóttir,  
dósent,

Umsjónarmaður kennslu um málefni aldraðra og  
norræns meistaranáms í öldrunarfræðum, NordMaG.

140 löggjafarþing 2011-2012  
Þingskjal 21- 21 mál

Akranesi 07.12.2011

***Alþingi***  
***Erindi nr. Þ 140/726***  
***komudagur 7.12.2011***

Umsögn um þingsályktunartillögu

Um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Við viljum benda á að í þingsályktunartillögunni er rætt um heilbrigðisráðherra og félags-og tryggingamálaráðherra en ekki velferðarráðherra.

Okkar sýn er sú að heimsóknir í forvarnarskyni eigi að miðast við 80 ára og eldri sem ekki njóta þjónustu nú þegar hvorki frá heimahjúkrun né félagslegri heimaþjónustu. Við teljum að einstaklingar yngri en 80 ára séu vel færir um að leyta eftir þjónustunni og ef einstaklingar eru með undirliggjandi alvarlegan sjúkdóm þá er hann kominn í þjónustu .

Við teljum að nægilegt sé að heimsækja viðkomandi einu sinni og í þeirri heimsókn væri afhentur bæklingur sem innihéldi allar upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er í viðkomandi sveitarfélagi og hvernig skal sækja um þjónustuna.

Við teljum að fulltrúi heimahjúkrunar og fulltrúi félagslegrar heimaþjónustu skuli fara saman í þessa heimsókn .

Við teljum að þetta sé mikilvægt til þess að samþætta heimaþjónustu og þetta muni auka samvinnu kerfanna.

Bæklingurinn skal innihalda eftirfarandi;

Upplýsingar um heilsugæslu

Læknisþjónustu

Heimahjúkrun

Félagslega heimaþjónustu

Liðveisla og Innlit

Samþætt þjónusta

Félagsstarf aldraðra

Dagþjónustu

Hvildarinnlagnir

Endurhæfingu sérhönnuð fyrir aldraða

Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun

Hjálpartæki

Umsóknar ferli um vistunarmat í dvalarrými og hjúkrunarrými

Upplýsingar um hvernig skuli sækja um þjónustuna

Bæklingurinn skal vera aðgengilegur í þjónustuverum sveitarfélaga og á heilsugæslu í viðkomandi sveitarfélagi og aðgengilegur á rafrænu formi á heimaíðum viðkomandi stofnana.

Á sparnaðartímum teljum við þetta árangursríkustu og ódýrustu leiðina til að nálgast þennan aldurshóp

---

Hallveig skúladóttir  
Deildarstjóri heimahjúkrunar

---

Rósa Marinósdóttir  
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/742*  
*komudagur 9.12.2011*

Reykjavík, 9. desember 2011


Velferðarnefnd Alþingis  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur,  
ritara nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.**

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er góð reynsla af því í Danmörku að bjóða þeim sem eru 75 ára og eldri árlega heimsókn í forvarnarskyni. Slíkt fyrirkomulag er því einnig líklegt til árangurs hér. Þó ber að athuga að rúmlega 18.500 íslendingar eru 75 ára og eldri, og því getur umfang þessarar þjónustu orðið mikið. Því þarf að afmarka verkefnið vel. Gera má ráð fyrir að starfsmenn heimþjónustu muni vinna að forvörnum fyrir sína skjólstæðinga og því er ekki þörf á þessari þjónustu fyrir þá. Einungis verði miðað við heimsóknir einu sinni á ári, nema í sérstökum tilvikum, og ljóst sé að verið er að bjóða þessa þjónustu og einstaklingnum því í sjálfs vald sett hvort hann þiggur slíka heimsókn.

Að öðru leyti gerir Landspítali ekki athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,



Anna Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Reykjavík, 12. Desember, 2011,

Umsögn:

**140. löggjafarþing 2011–2012.**  
**Þingskjal 21 — 21. mál.**

## **Tillaga til þingsályktunar**

um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni.

Flm.: Sív Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Þór Saari,  
Þráinn Bertelsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnaskyni sem bjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þykir svo að þeir geti búið sem lengst heima.

Til eru rannsóknir sem gefa vísbendingu um gildi reglulegra heimsókna til fólks á efri árum. Það er hins vegar ekki vel skilgreint hvert innihald slíkra heimsókna þurfi að vera til þess að þær séu skilvirkar og skili árangri. Sums staðar, t.d. í Danmörku, er menntun og reynsla fagaðila mismunandi og nálgunin ólík.

Að mati undirritaðs væri mikilvægt að beita staðfestri matstækni. Hér á landi er víða stuðst við matstækni sem kennd er við InterRAI. Þannig er nú verið að innleiða í Reykjavík mat með matstæki fyrir heimahjúkrun, kallað InterRAI-HC. Um er að ræða yfirgripsmikið mat á öllum þáttum heilsufars og félagslegra aðstæðna. Þetta er ágætt matstæki fyrir þá sem þurfa á heimahjúkrun að halda. Annað mun styttra tæki er til, kallað samfélagsmatstæki, á ensku community health assessment eða CHA. Þetta er styttra skimtæki sem greinir viðfangsefni ef einhver eru. Ef viðfangsefnin eru umfangsmikil er mælt með lengra matinu, InterRAI-HC. Þetta er sú nálgun sem undirritaður myndi mæla með til þess að hægt verði síðan að meta útkomu og árangur slíkra heimsókna. Út frá slíku mati má fá margvíslegan ávinning, sjá mynd:

## Líkan interRAI



Viðbragðsáætlun við því sem finnst þarf að útfæra, hér kallað meðferðarleiðbeiningar. Þessi nálgun fellur vel að þróun sem orðið hefur í þessari matstækni á Íslandi á undanförunum árum og því þarf hvorki að finna upp hjólið né fara í umfangsmikinn kostnað við að undirbúa upplýsingakerfi fyrir slíkt reglulegt mat.

Stóra spurningin er hvenær slíkt mat yrði gert. Eðlilegt er að gera slíkt mat þegar einstaklingur óskar eftir þjónustu, hvort heldur er frá félagsþjónustu eða heimahjúkrun. Síðan er spurningin um það hversu oft þess utan slíkt mat væri gert. Ekki er víst að skilvirkt sé að gera slíkt mat á hverju ári. Undirritaður leggur til að upphaflega yrðu metnir allir sem verða 75, 80, 85, 95, 100 ára á viðkomandi ári, en þá yrði þeim sleppt sem þegar væru metnir vegna þess að þeir njóta þjónustu.

Eðlilegt væri að vinnuhópur yrði skipaður til þess að útfæra hugmyndina sem best með hliðsjón af ábata kostnaðar greiningu.

Þessi hugmynd getur leitt af sér gæði fyrir aldraða ef vel er hugað að útfærslunni. Ef það væri ekki gert er mögulega um mikinn kostnað og fyrirhöfn að ræða án þess að af því skapist ávinningur. Þannig liggur allt í útfærslunni.

Virðingarfyllt


Pálmi V. Jónsson, FACP, FRCP L

yfirlæknir, öldrunarlækningadeild Landspítala,

prófessor í öldrunarlækningum, læknadeild Háskóla Íslands,

Landakoti, 101, Reykjavík, Ísland

sími: 354-5439410, fax: 354-5439918, tölvupóstfang: palmivj@landspitali.is



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/493*  
*komudagur 25.11.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræt 8 – 10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um 21. mál, þingsályktunartillaga um árlegar heimsóknir til eldri borgara.

Verulega skortir á það að þjónustu við eldri borgara sé sinnt eins og æskilegt væri. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá hefur ekki verið boðið upp á nægilega þjónustu í þá átt að gera fólki kleift að búa sem lengst heima, þó það hafi lengi verið stefna stjórnvalda. Þar hafa efndir ekki fylgt orðum. Með meiri heimþjónustu en nú er veitt má örugglega spara fé í þessum málum. Það er því til bóta að koma á reglulegum heimsóknum til eldri borgara til að fylgjast með hvar sé þörf fyrir þjónustu. Það er að vísu mismunandi hvernig ástand er á fólki og fer ekki eftir aldri, en einhversstaðar verður að setja aldursmörkin. Það mætti líka byrja á því að hringja til fólks og athuga hvort það vill fá heimsókn, því þetta má heldur ekki verða til að taka sjálfræði af fólki. Þá leggur LEB áherslu á að komið verði á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) fyrir aldraða jafnt sem fatlaða.

Reykjavík 24.nóvember 2011

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. Þ 140/703  
komudagur 7.12.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Kópavogi, 5. desember 2011.

**Efni:** Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 23. nóvember sl.

Þingsályktunartillagan er endurflutt. Lí hefur ekki séð ástæðu til að gefa efnislega umsögn um tillögunna og er sú afstaða félagsins óbreytt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Læknafélags Íslands,

  
Þorbjörn Jónsson,  
formaður



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/520*  
*komudagur 29.11.2011*

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 21 – 21. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Í henni felst að velferðarráðherra verði falið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnarskyni sem bjóðist öllum 75 ára og eldri. Markmið þessara heimsókna er að fara yfir alla þætti sem varða heilsu og aðstæður hins aldraða og metið hvort að viðkomandi þurfi á einhverri aðstoð að halda og hvernig best sé að haga henni.

Mannréttindaskrifstofan fagnar þessari tillögu og telur hana geta stutt við sjálfræði eldri borgara. Félagsmálasáttmáli Evrópu fjallar í 13. gr. um réttinn til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar, en þar segir m.a. að ríkin skuldbindi sig til að tryggja, að sérhverjum manni, sem hefur ónóg fjárráð og sem ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik, verði veitt næg aðstoð. Í þessum rétti er talinn felast rétturinn til húsnæðis. Í 4. gr. viðauka við félagsmálasáttmálann frá árinu 1988 er fjallað sérstaklega um rétt aldraðra til húsnæðis sem að fellur að þörfum þeirra og heilsu eða stuðnings til þess að aðlaga eigið húsnæði. Nauðsynlegt er þó að taka fram í þessu sambandi að Ísland hefur aðeins undirritað þennan viðauka en ekki fullgilt hann.

Nauðsynlegt er að ólíkir kostir séu fyrir hendi til að mæta mismunandi þörfum eldri borgara. Einnig er hægt að koma á úrræðum til handa fólki sem vill aðlaga húsnæði sitt að breyttum forsendum efri árána svo að það þurfi ekki að flytja. Fagaðilar ættu að meta hvaða endurbætur og breytingar þurfi að gera ásamt því að kanna möguleika á notkun hjálpartækja til að auðvelda áframhaldandi búsetu á efri árum. Mikilvægt er að auka valkosti í húsnæðismálum og aðstoð við aldraða til þess að fólk geti búið sem lengst á eigin heimili.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna A Pálmadóttir, lögfræðingur

## Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: 1054. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 1. desember 2011

Varðandi: Alþingi  
Nr. erindis 201111200  
Dags.: 19.01.2012

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/927*  
*komudagur 26.1.2012*

Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni. 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 21 — 21. mál.

1054. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar vísaði erindi Alþingis um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, sbr. tölvupóst frá 23. nóvember 2011, til umsagnar fjölskyldunefndar. Í tillögunni er lagt til að velferðarráðherra, í samvinnu við Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sjái til þess að fólki sem er 75 ára og eldri bjóðist árlegar heimsóknir með það í huga að hægt verði að veita því þjónustu strax og þurfa þyki með það í huga að það geti búið sem lengst heima.

Breytilegt er hvort slíkar heimsóknir eru lögbundnar, sbr. Danmörku, eða valkvæðar, sbr. Svíþjóð<sup>1</sup>, þar sem lagastoð þjónustunnar er sótt til ákvæða um fyrirbyggjandi þjónustu í socialtjänstlagen (6. gr. 5. kafla, SFS 2001:453) og/eða í hliðstæð ákvæði í hälso- och sjukvårdslagen (2. gr. SFS, 1982:763, lag 1998:1660)<sup>2</sup>. Til eru rannsóknir sem benda til árangurs af slíkum heimsóknum, aðrar benda til þess að ekki sé um slíkt að ræða.

Forgangsröðun verkefna í félags- og heilbrigðisþjónustu opinberra aðila undanfarin ár hefur fyrst og fremst tekið mið af því að standa vörð um óbreytt þjónustustig þrátt fyrir nauðsynlega hagræðingu. Heimsóknir sem tillagan gengur út á er mjög kostnaðarsöm þar sem nær 18.700 einstaklingar eru 75 ára og eldri. Einstaklingar sem eru fimm árum eldri eru næstum helmingi færri og einungis einn þriðji er tíu árum eldri<sup>3</sup>. Reikna má með því að hver heimsókn taki a.m.k. tvær klukkustundir, að meðtöldum undirbúningi, úrvinnslu og ferðatíma.

Til eru þeir sem telja að heimsóknir af þessu tagi séu á gráu svæði á milli friðhelgis einkalífs og þjónustu opinberra aðila (félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu ríkisins), sem beri að virða. Til að tryggja að heimsóknir sem þessar skili árangri þarf að skilgreina vel tilgang þeirra og meta árangur af starfinu til að réttlætlanlegt sé að ráðstafa fjármagni í verkefnið. Mikilvægt er að um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu sé að ræða þar sem markmið heimsóknanna er að stuðla að aukinni vellíðan og færni eldra fólks, en vinna gegn sjúkdómsvæðingu.

Forsenda fyrir fyrirbyggjandi áhrifum er að aukin áhersla verði lögð á að starfsfólk félags- og heilbrigðisþjónustu búi yfir nauðsynlegri þekkingu til þess að kunna að

<sup>1</sup>Inga Micaeli, Kaj Gustavsson og Karin Tillberg Mattsson (2010) *Utan för upptrappades tigor* FoU Rapport 2010:6 Sótt 29.12.2011 af [http://www.regiongavleborg.se/download/18\\_7a4cf4b812b5d89068480001815/FoU-rapport+2010-6+Utan%C3%B6r+upptrampade+stigar.pdf](http://www.regiongavleborg.se/download/18_7a4cf4b812b5d89068480001815/FoU-rapport+2010-6+Utan%C3%B6r+upptrampade+stigar.pdf)

<sup>2</sup>Kersti Nordel (2009). *Åldres vardag-planerad trygghet eller akut oro. Förebyggande hembesök i Centrum Linnéstaden och Tuve Säve*. Sótt 29.12.2011 af [http://www.arkom.se/download/18\\_563dea7a1259bc9aa0f80004089/forebyggande\\_hembesok.pdf](http://www.arkom.se/download/18_563dea7a1259bc9aa0f80004089/forebyggande_hembesok.pdf)

<sup>3</sup>Upplýsingar af vef Hagstofu Íslands sótt 29.12.2011

75 ára +	80 ára +	85 ára +
18.656	10.979	4.898

greina hættumerki hjá eldra fólki sem leitt geti til vanlíðunar og vanheilsu. Samvinna félags- og heilbrigðisþjónustu er einnig lykilatriði til þess að málefni þeirra er hér eiga í hlut lendi ekki milli skips og bryggju. Umræddar heimsóknir koma að litlu gagni ef þá samvinnu skortir. Þá er mikilvægt að stuðst sé við staðfesta matstækni svo sem InterRAI-HC með því má meta heilsufar og félagslegar aðstæður. Með því að styðjast við slíkt mat er auðveldara að meta útkomu og árangur þess stuðnings sem veittur er.

Miðlun upplýsinga til eldra fólks er mikilvægur þáttur, þar geta komið til fleiri leiðir og kostnaðarminni en heimsóknir á heimili einstaklinga.

Áður en gripið verður til kostnaðarsamra aðgerða sem óvíst er um árangur af ætti að vinna markvisst að auknu samstarfi milli starfsfólks félags- og heilbrigðisþjónustu og fræðslu því til handa um leiðir til að stuðla að aukinni vellíðan og færni eldra fólks. Þá mætti án efa efla upplýsingagjöf til eldra fólks um þjónustu sem því stendur til boða, án umtalsverðs kostnaðar.


Virðingarfyllt

Unnur V. Ingólfssdóttir

framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs



Alþingi  
Erindi nr. P 140/806  
komudagur 15.12.2011



**NORÐURÞING**

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík


Húsavík, 13. desember 2011  
nr. erindis 201111076

Á 27. fundi félags- og barnaverndarnefndar Norðurþings þann 8. desember síðast liðin var tekið fyrir neðangreint erindi.

Velferðarnefnd Alþingis, ósk um umsögn um mál nr. 21.

Nefndin hefur ekkert við tillöguna að athuga og lýsir sig sammála henni svo fremi að fjármagn fylgi, svo að gerlegt sé að koma á árlegum heimsóknum til eldri borgara í sveitarfélaginu í forvarnarskyni.

Virðingarfyllst,  
f.h félags- og barnaverndarnefndar

  
Dögg Káradóttir  
Félagsmálastjóri.

29.11.2011

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/535*  
*komudagur 29.11.2011*

Tilvísun í mál: 2011110403


**Umsögn félagsþjónustu Reykjanesbæjar**  
**vegna 21. máls frá velferðarnefnd Alþingis varðandi : tillögu til þingsályktunar um**  
**reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskygni, 21. mál.**

Þessi hugmynd hefur komið upp í umræðu hjá okkur hjá félagsþjónustu Reykjanesbæjar af og til í gegnum árum. Það yrði án efa mjög gott framtak að fara í slíkar heimsóknir til að kynna þá þjónustu sem í boði er, um leið er hægt að finna þá sem eru félagslega einangraðir, eiga við heilsuvandamál o.fl. En það er ljóst að þetta myndi kalla á aukinn kostnað hjá sveitarfélagunum, bæði við úttektina sjálfa og einnig má gera ráð fyrir að fleiri vilji fá þjónustu í kjölfarið, sem kallar á aukin stöðugildi. Það hlýtur því að þurfa að tryggja að nauðsynlegt fjármagn fylgi verkefninu til sveitarfélaganna ef frumvarpið verður að lögum.

Kær kveðja  
Hjördís

---

Hjördís Árnadóttir  
Framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og félagssviðs/Director of Social Services  
Bæjarskrifstofunum Reykjanesbæjar/Town Hall



Alþingi  
Erindi nr. P 140/915  
komudagur 20.1. 2012

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. janúar 2012

1112018SA GB  
Málalykill: 40

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um reglubundnar heimsóknir til eldri borgara, 21. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. nóvember 2011, þar sem ofangreint þingmál er sent Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Vegna mistaka var umsögn um málið ekki send innan þess frests sem veittur var og er hér með beðist velvirðingar á þeirri yfirsjón, sem helst má skýra með því að á þessum tíma barst mikill fjöldi erinda frá Alþingi sem þurfti að bregðast við.

Jákvætt er að efla heilbrigðisþjónustuna með verkefnum á borð við það sem þingsályktunartillagan greinir. Sambandið leyfir sér hins vegar að minna á að ábyrgð og forræði á heilbrigðisþjónustu er hjá ríkinu og stofnunum þess. Þá er hvorki búið að tímasetja né undirbúa með neinum afgerandi hætti að málefni aldraðra flytjist frá ríki til sveitarfélaga. Má raunar líklegt telja að af þeirri yfirfærslu geti í fyrsta lagi orðið 1. janúar 2013 og að 1. janúar 2014 sé að mörgu leyti raunhæfara tímamark í ljósi aðstæðna.

Framvindan í verkefnaflutningi á sviði velferðarþjónustu ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir samstarf og ef til vill fremur stuðla að því að svæðisbundnir samningar séu gerðir þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Auðvelt er að samþætta heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskygni við þá félagslegu heimaþjónustu sem er á hendi sveitarfélaga. Slíkar reglubundnar árlegar heimsóknir geta jafnframt fallið vel að markmiðum um aukið vægi nærþjónustu og stuðning við sjálfstæða búsetu, sem er án efa stór þáttur í því að auka lífsgæði margra eldri borgara.

Umsagnir sveitarfélaga um tillöguna eru almennt jákvæðar og er það mat Sambands Íslenskra sveitarfélaga að eðlilegt sé að styðja samþykkt tillögunnar.

Rétt er að geta þess að Akureyrarkaupstaður hefur sinnt heilsuefandi heimsóknum til eldri borgara um nokkurt skeið en það sveitarfélag ber jafnframt ábyrgð á heilsugæslu á grundvelli þjónustusamnings við heilbrigðisráðuneytis (gildandi samningur er frá 29. desember 2007 og tekur til rekstrar Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og stofnanarþjónustu fyrir aldraða).

Þetta verkefni felst í því, að íbúum 75 ára og eldri á svæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni til tvisvar á ári.



Þjónustan er samvinnuverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og Búsetudeildar Akureyrarbæjar.

Árið sem einstaklingur verður 75 ára fær hann sendan kynningarbækling um heilsueflandi heimsóknir og síðar á árinu fær viðkomandi bréf með tilboði um heimsókn.

Í heilsueflandi heimsókn á Akureyri er lögð áhersla á að hvetja og styrkja til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst, stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er, veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er og veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf á sem bestan mögulegan hátt miðað við aðstæður hvers og eins.

Í umsögn Velferðarnefndar Árnesþings kemur fram að velferðarnefndin hefur í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands skipulagt heilsueflandi heimsóknir til allra sem náð hafa 80 ára aldri og njóta hvorki heimahjúkrunar né heimaþjónustu. Reynslan af þessu verkefni þykir góð og er það mat nefndarinnar að slíkt samstarf sé nauðsynlegt. Kostnaður skiptist jafnt niður á báða samstarfsaðila

Staða mála í Danmörku er nefnd í greinargerð með þingsályktunartillögunni og er sjálfsagt að hafa hliðsjón af faglegum þáttum í þjónustunni þar í landi þegar unnið er að gerð þjónustusamninga. Áréttað er hins vegar að hér á landi er málaflokkurinn á forræði ríkisins ólíkt Danmörku, þar sem stærstur hluti opinberrar þjónustu á sviði heilbrigðis- og velferðarmála er á sveitarstjórnarstiginu.

Að lokum skal undirstrikað að ef til álita kemur að fela sveitarfélögunum þetta verkefni verður að meta kostnað við verkefnið, tryggja fjármögnun og ganga frá formlegu samkomulagi um þjónustuna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Alþingi  
Erindi nr. P 140/621  
komudagur 2.12.2011



Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ


Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 30. nóvember 2011  
Tilv.: VEL11110268/00.04.03

Velferðarráðuneytið vísar til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 23. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál. Ráðuneytið veitir ekki umsögn um tillöguna á þessu stigi en velferðarráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

  
Anna Lilja Gunnarsdóttir

  
Margrét Sigurðardóttir

**Velferðarþjónusta Árneshings**

Skrifstofa Alþingis  
Nefndarsvið  
Alþingshúsinu  
150 Reykjavík.


Hveragerði 9. desember 2011.

**Erindi:** Umsögn Velferðarnefndar Árneshings vegna þingskjals 21 – 21. mál. Tillaga til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Að mati Velferðarnefndar er mikilvægt að bjóða upp á heimsóknir til eldri borgara sem ekki njóta heimaþjónustu. Velferðarnefnd hefur í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands tekið þátt í heilsueflandi heimsóknum til eldri borgara, en þær heimsóknir eru skipulagaðar af Heilbrigðisstofnuninni. Heimsóknir hafa verið farnar einu sinni á ári og til allra sem náð hafa 80 ára aldri og njóta ekki heimahjúkrunar né heimaþjónustu. Þessi þjónusta er ekki lögbundin og hefur bæst við vinnu starfsmanna sem þegar hafa nóg fyrir stafni. Er það mat nefndarinnar að það sé mikilvægt að félagsþjónusta og heilsugæsla vinni saman að þessu verkefni og að kostnaður vegna þess skiptist niður á báða aðila.

Virðingarfyllt

F.h. Velferðarnefndar Árneshings

  
María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri

7. desember 2011

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/698*  
*komudagur 7.12.2011*

Til Velferðarnefndar Alþingis

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.

Aðeins er gerð ein athugasemd.

Í frumvarpinu kemur fram að í Danmörku eigi hver eldri borgari rétt á amk tveimur árlegum fyrirbyggjandi heimsóknum. Að okkar mati er ein heimsókn nóg þar sem með heimsókninni er þjónustan kynnt fyrir fólki ásamt því að kynna fyrir því hvert skal leita þegar og ef á þarf að halda.

Þessu fylgir kostnaður og spurning hver á að greiða hann. Líklega þarf að heimsækja í byrjun um 227 manns í Eyjum og svo árlega eftir það um 20 manns á ári sem bætist í hópinn. Reikna má klukkutíma í heimsóknina og öðrum hálf tíma í úrvinnslu á upplýsingum fyrir hvern.

bestu kveðjur

Jón Pétursson, framkvæmdastjóri  
Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja  
Ráðhúsinu  
900 Vestmannaeyjum  
s.488 2000 fax. 488 2001  
netfang. [jonp@vestmannaeyjar.is](mailto:jonp@vestmannaeyjar.is)



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/804*  
*komudagur 14.12.2011*



DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík  
Sími: 585 9502 ■ margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

Reykjavík, 9. desember 2011.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.**

Stjórn Öldrunarráðs Íslands lýsir yfir ánægju með tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlega heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni – 21. mál. Frumvarpið mun án efa geta verið til mikilla hagsbóta fyrir stóran hóp aldraðra einstaklinga í þjóðfélaginu.

Hins vegar höfum við nokkrar athugasemdir. Í fyrsta lagi teljum að hækka ætti aldursmörkin í tillögunni í 80 ára og eldri. Einnig lýsir stjórn Öldrunarráðs yfir áhyggjum af framkvæmd þessarar tillögu verði hún samþykkt, því nauðsynlegt er að fyrirfram skilgreint fjármagn og fjármögnun fylgi nýjum þjónustubáttum sem þessum. Frá árinu 2008 hefur orðið gríðarlegur niðurskurður í velferðarþjónustu landsins. Í stað þess að auka fjármagn til öldrunarþjónustu í samræmi við stefnu stjórnvalda og fjölgun aldraðra í þjóðfélaginu, hefur margvísleg þjónusta verið skert. Verði af samþykkt og framkvæmd þessarar tillögu má það ekki verða til þess að sú þjónusta sem nú þegar er fyrir hendi verði skert til fjármögnunar heimsóknanna. Ef aukið fjármagn á að fara í málaflokk öldrunarmála hvetjum við til markvissrar forgangsriðunar þannig að fjármagnið nýtist sem best. Þó tillagan fjalli um mjög gott mál erum við ekki endilega viss um hversu ofarlega þessi hugmynd væri þar á lista. Margt annað er brýnna þessa dagana til að bæta hag aldraðra svo sem að verja grunnþjónustu.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

Pétur Magnússon  
formaður